



Bæn

Ó, Guð, ég veit hvað ég vil
er ég vakna með rísandi sól:
Þakka sumar, sælu og yl,
nú er sólskin um byggðir og ból.

Þér sé lof því loftið er tært
og ég leik mér um grundir og hól
svo ég geti af lífinu lært,
þín ég leita og á hjá þér skjól.

Þú, Guð, ert svo góður við mig,
það er gaman að lifa og sjá
hvernig skúrur og ský fela sig
þegar skinið fær sólin þau á.

Fyrir hreysti og hugarins þor,
fyrir hendur sem vinna í trú,
fyrir yndi og æskunnar vor,
fyrir allt vil ég þakka þér nú.

Melin – Kristján Valur Ingólfsson

Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorðið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Hans Tomiassóns – Hallgrímur Pétursson



Blessun

Eftirspil

Í kirkjugarði:

Moldun


Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hans Tomiassóns – Hallgrímur Pétursson



Prestur: Sr. Ása Björk Ólafsdóttir
Organisti: Edit Anna Molnár
Kór: Kirkjukór Selfosskirkju
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í safnaðarheimili kirkjunnar að athöfn lokinni.*



Guðmundur Jónsson

Fæddur 17. nóvember 1944

Dáinn 12. desember 2023



*Útför frá Selfosskirkju
föstudaginn 22. desember 2023*

Forspil Bæn

Dag í senn, eitt andartak í einu,
eilíf náð þín, faðir, gefur mér.
Mun ég þurfa þá að kvíða neinu,
þegar Guð minn fyrir öllu sér?
Hann sem miðlar mér af gæsku sinni
minna daga skammt af sæld og þraut,
sér til þess, að færa leið ég finni
fyrir skrefið hvert á lífs míns braut.

Hann, sem er mér allar stundir nærri,
á við hverjum vanda svar og ráð,
máttur hans er allri hugsun hærri,
heilög elska, viska, föðurnáð.
Morgundagsins þörf ég þekki eigi,
það er nóg, að Drottinn segir mér:
Náðin mín skal nægja hverjum degi,
nú í dag ég styð og hjálpa þér.

Guð, ég fæ af fyrirheitum þínum
frið og styrk, sem ekkert buga má.
Auk mér trú og haltu huga mínum
helgum lífsins vegi þínum á,
svo að ég af hjartaþeli hreinu,
hvað sem mætir, geti átt með þér
daginn hvern, eitt andartak í einu,
uns til þín í ljóssins heim ég fer.

Lina Sandell-Berg – Sigurbjörn Einarsson



Ritningarlestur

Heyr, himna smiður, hvers skáldið biður, komi mjúk til mín miskunnin þín. Því heit eg á þig, þú hefur skaptan mig, ég er þrællinn þinn, þú ert Drottinn minn.	Guð, heit eg á þig, að græðir mig, minnst, mildingur, mín, mest þurfum þín. Ryð þú, röðla gramur, ríklyndur og framur, hölds hverri sorg úr hjartaborg.	Gæt, mildingur, mín, mest þurfum þín á hölda grund. Set, meyjar mögur, máls efni fögur, öll er hjálp af þér, í hjarta mér.
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Porkell Sigurbjörnsson – Kolbeinn Tumason

Ritningarlestur

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislegaa sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Bjarni Þorsteinsson – Sigurður Jónsson frá Arnarvatni

Guðspjall

Sástu suður í Flóa sumarskrúðið glóa þegar grænust gróa grös um Ísafold. Sástu vítt um vengi vaggast stór á engi. Sástu djarfa drengi dökka rækta mold.	Allt af lífi iðar yfir fuglinn kliðar. Foss í fjarska niðar fiskar ganga úr sjó. Vekur sumarsunna söng í blómarunna. Mettar ótal munna moldin djúp og frjó.	Hvar sem stofninn sterki stefnir rétt að merki vex af hverju verki von og trú á fold. Enn mun sýna og sanna saga Flóamanna ást til áttaganna ást á frónskri mold.
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

Pálmar Þ. Eyjólfsson – Freysteinn Gunnarsson



Minningarorð

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt hjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens